



– fyrir íslenska verslun

Alþingi
Erindi nr. P 133/1106
komudagur 20.2.2007

Alþingi-Efnahags- og viðskiptanefnd
Selma Hafliðadóttir, nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 19.02.2007
GSJ

Efni: Umsögn um frumvarp til breytinga á samkeppnislögum, nr. 44/2005, viðurlög við efnahagsbrotum.

Vísað er til erindis efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 1. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Félags íslenskra stórkaupmanna um frumvarp til samkeppnislaga. 522. mál, viðurlög við efnahagsbrotum.

Umsögn félagsins fer hér á eftir:

Um 1. gr. frumvarpsins

Félag íslenskra stórkaupmanna (FÍS) fagnar því að heimilt verði að ljúka málum með sátt. Slík málalok leiða væntanlega til þess að Samkeppniseftirlitið geti annað fleiri málum og sói síður sínum dýrmæta tíma í mál sem teljast ekki flókin og þar sem niðurstaða er fyrirsjáanleg fyrir málsaðila.

Um 2. gr. frumvarpsins

FÍS leggst ekki gegn ákvæðum um stjórnvaldssektir né að aðilum sem brjóta gegn samkeppnislögum verði gert að greiða sektir vegna ólögðra athafna sinna. Af orðalagi frumvarpsins mætti þó ætla að tilgangur þess sé að þrengja að möguleikum hagsmunasamtaka á borð við FÍS til að taka þátt í opinberri umræðu um samkeppnismál. Þar sem lifandi og hreinskipt umræða um samkeppnismál er afar mikilvæg, yrði það mikil afturför ef frumvarpið, ef af lögum verður, leiði til minni opinberrar umfjöllunar um þennan mikilvæga málaflokk.

Hlutverk hagsmunasamtaka er að vinna að framgangi hagsmunamála aðildarfélaga. Stór hópur aðildarfyrirtækja FÍS lítur á það sem eitt af meginhlutverkum félagsins að gæta hagsmuna þeirra á samkeppnissviðinu og stuðla að heilbrigðri samkeppni á öllum sviðum viðskipta. FÍS hefur því margoft, bæði í ræðu og riti, fjallað um samkeppnismál og reynt að hafa áhrif á málaflokkinn, aðildarfélögum sínum til framdráttar. Félagið lítur það því

alvarlegum augum, ef þessi breyting yrði til þess að skerða möguleika þess til að hafa áhrif á umfjöllun um þennan mikilvæga málaflokk.

Stjórnvaldssektir á samtök fyrirtækja.

Vísað er til umfjöllunar í greinargerð með frumvarpinu um 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins en þar er tiltekið að ákvæðið miði að því að tryggja að fyrirtæki geti ekki hagnast á því að brjóta gegn samkeppnislögum innan samtaka fyrirtækja. Það er skoðun FÍS að brjóti fyrirtæki gegn ákvæðum samkeppnislaga hafi Samkeppniseftirlitið allar heimildir til þess að bregðast við með viðeigandi hætti óháð því hvort að brotið hafi átt sér stað með aðkomu samtaka sem fyrirtækið tilheyrir. Af þeirri ástæðu telur FÍS heimild Samkeppniseftirlitsins til þess að leggja stjórnvaldssektir á samtök fyrirtækja vegna brota aðildarfyrirtækja þess þarflesa með öllu. Til frekari rökstuðnings vísar FÍS til þess að hagnaður, ef einhver er, verður ekki hjá samtökum fyrirtækja heldur hjá fyrirtækinu sem brýtur gegn samkeppnislögum og af þeim sökum ætti málatilbúnaður og eftir atvikum væntanlegar sektargreiðslur að snúa að hinu brotlega fyrirtæki.

Tenging við veltu fyrirtækja sem hafa stjórnarmann.

FÍS telur tengingu stjórnvaldssekta við veltu fyrirtækja sem eiga fulltrúa í stjórn samtaka geta haft alvarlegar afleiðingar í för með sér og gætu leitt til þess að fyrirtæki vilji ekki hafa menn í stjórnnum samtaka fyrirtækja eða að stjórnarmenn veljist aðeins úr fyrirtækjum með litla veltu. Þá bendir FÍS á að séu samtök, sem með einhverjum hætti hafa átt aðild að broti, ekki gjaldfær verði aðildarfyrirtækjum gert að greiða sektina og hafi sama fyrirtæki brotið af sér í tilteknu máli greiðir það félag tvisvar sinnum sekt fyrir sama brot. Í þessu sambandi er rétt að benda á að hagsmunasamtök í atvinnulífinu hafa mjög misjafna fjárhagsstöðu og kæmu slíkar stjórnvaldssektir því afar misjafnlega við þau.

Um 3. gr. frumvarpsins

Fyrningarfrestur á brot lögaðila.

FÍS tekur ekki afstöðu til þess hvort að 7 ára fyrningarfrestur teljist hæfilegur. Félagið bendir þó á að engin haldbær rök eru fyrir lengri fyrningarfresti í samkeppnismálum en samkvæmt almennum hegningarlögum. Einnig væri 5 ára fyrningarfrestur í samræmi við dönsk og sænsk lög og 25. gr. reglugerða ráðsins (EB) nr. 1/2003 sem greinargerð frumvarpsins vísar til.

Rof fyrningarfrests.

Samkvæmt frumvarpinu rofnar fyrning við tilkynningu Samkeppniseftirlitsins til eins aðila um að rannsókn sé hafin. Við tilkynninguna hefur viðtakandi hennar mun betri stöðu en aðrir aðilar málsins. Sá sem tilkynninguna fær getur hafið söfnun upplýsinga sem styðja málstað hans og stöðvað alla eyðingu gagna sem tilheyra væntanlegum málatilbúnaði. Þá getur sá sem tilkynninguna fær brugðist við með því að afhenda öll gögn og um leið vænst þess að afhendingin bæti málstað hans hjá samkeppnisyfirvöldum.

Þá má benda á að tilkynning til fyrirtækis sem beint er til fyrirsvarsmanns þess berst ekki endilega til annarra starfsmanna félagsins. Eðli málsins samkvæmt hafa þeir sem voru starfsmenn á tímabili ætlaðs brots en látið hafa af störfum enga vitnesku um rannsókn og geta ekki safnað gögnum líkt og þeir aðilar sem tilkynningu fá.

Um 4. gr. frumvarpsins

Um 4. gr. a)

Fyrningarfrestur á brot einstaklinga.

Verði frumvarpið samþykkt óbreytt lengist fyrningarfrestur brota einstaklina sjálfkrafa. Verði fyrningarfrestur lengdur í 10 ár stendur einstaklingur mjög höllum fæti í vörn sinni, annars vegar gagnvart vinnuveitanda sínum eða vinnuveitanda á þeim tíma sem brotið var framið og hins vegar gagnvart Samkeppniseftirlitinu. Í fyrsta lagi á einstaklingur erfitt með að verja sig þegar bókhald fyrirtækisins er ekki varðveitt 10 árum síðar. Í öðru lagi má vel vera að einstaklingur sé hættur að starfa hjá fyrirtæki sem braut af sér og hafi þar með ekki aðgang að gögnum sem sannað geta sakleysi hans eða með einhverjum hætti mildað málstað hans gagnvart Samkeppniseftirlitinu eða með öðrum hætti sýnt fram á að hann hafi verið grandlaus um brot fyrirtækisins. Í þriðja lagi á einstaklingur sem ekki hefur fengið tilkynningu um að brot sé í rannsókn ekki sömu möguleika.

Hugtakið samráð.

Í frumvarpinu hefur hugtakið samráð mjög rúma skilgreiningu. Með hliðsjón af tilgangi félagasamtaka á borð við FÍS þykir félaginu rétt að benda á að auðvelt er að sjá fyrir það ferli að félagið beitti sér í tilteknu máli eða aðhæfist eitthvað í góðri trú um að athöfnin væri í fullu samræmið við samkeppnislög. Slík athöfn, saman með aðgerðum einhvers aðildarfyrirtækis FÍS, eins eða fleiri, yrði hins vegar túlkuð sem brot á samkeppnislögum.

Með vísan til e. liðar 2. mgr. bendir félagið á að hingað til hefur FÍS varað við svonefndum kennitölulöflökkurum, varað við einstökum erlendum fyrirtækjum sem reynt hafa að svindla á íslenskum fyrirtækjum og ennfremur varað við erlendum fyrirtækjum sem hafa orðið uppvís um að stunda ólögleg eða óeðlileg viðskipti. Gætu slíkar aðgerðir verið túlkaðar sem ólöglegt samráð?

Um 4. gr. b)

Með vísan til b liðar 4. gr. frumvarpsins bendir FÍS á að sá aðili, einstaklingur eða lögaðili sem ekki fær tilkynningu um að rannsókn sé hafin, getur verið grandlaus um tilkynninguna og því fargað gögnum sem beðið er um.


FÍS telur mikilvægt að aðila sem veitt hefur ófullnægjandi upplýsingar verði gefið tækifæri til þess að bæta upplýsingagjöf sína innan eðlilegs tímafrests. Af því tilefni telur FÍS ótvírætt að sönnunarbyrði á hvað teljist ófullnægjandi upplýsingar falli á þann aðila sem heldur slíku fram.

Um 5. gr. og 6. gr. frumvarpsins

FÍŚ fagnar því að óheimilt verði að nota upplýsingar sem forsvarsmaður fyrirtækis hefur veitt Samkeppniseftirlitinu sem sönnunargagn í opinberu máli gegn honum, enda færi hið gagnstæða gegn ákvæðum Mannréttindasáttmála Evrópu. FÍŚ bendir þó á að samkvæmt ákvæðinu getur forsvarsmaður fyrirtækis og hvatamaður ólögmeats samráðs, sem um langan tíma hefur hagnast á ólögmeatum athöfnum sínum, verið laus allra mála með því að afhenda Samkeppnisýfirvöldum öll gögn sem sanna aðild hans að málinu.

Félagið telur mikilvægt að fá tækifæri til að gera frekar grein fyrir þessum sjónarmiðum sínum á fundi með nefndinni.

Virðingarfyllst,
f.h. FÍŚ.


Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri.